

Skýrsla af 96 þingi Alþjóðavinnuáráðs (ILO) Genf 27.5 – 15.6 2007

Sendinefndin

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra sótti þingið á lokadögum þess og ávarpaði þingfund þann 13.6. Í sendinefndinni sátu að öðru leyti af hálfu stjórnvalda, Kristinn Árnason sendiherra í Genf og ásamt honum Gylfi Kristinsson, félagsmálaráðuneytinu auk starfsmanna fastanefndarinnar í Genf. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands og Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið lögfræðingar SA, þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon. Þau Björn Ágúst Sigurjónsson frá ASÍ (RSÍ) og Guðrún Bjarnadóttir frá BSRB (SFR) sóttu Genfarskólann að þessu sinni.

Megin málefni

1. Samþykkt um réttarstöðu fiskimanna.
2. Styrking ILO á tímum hnattvæðingar.
3. Sjálfbær fyrirtæki.
4. Framkvæmd samþykktu.
5. Fjárlög stofnunarinnar.

1. Samþykkt um réttarstöðu fiskimanna.

Sævar Gunnarsson var fulltrúi íslensks verkafólks í þessari nefnd en með störfum hennar fylgdist einnig Björn Ágúst. Jón H. Magnússon sat einnig í nefndinni. Um drög að samþykkt þessari var fjallað á 93 og 94 þingi ILO og kom hún til atkvæðagreiðslu á því 94. Þá náði hún ekki tilskyldum fjölda atkvæða og var því sett á dagskrá að nýju á því 96. Fram fór ein umræða og var samþykktin að lokum samþykkt með nokkrum breytingum frá því sem verð hafði á 94 þinginu. Ljóst var að allir aðilar höfðu mikinn áhuga á því að ljúka málinu núna. Stjórnvöld flestra ríkja voru tilbúin að ganga frá textanum eins og hann var 2005, en atvinnurekendur og verkafólk vildu ná fram nokkrum mikilvægum breytingum. Var í þessu sambandi sett á stofn nefnd, fjórir frá hvorum aðila vinnuáráðs og þar voru málin jafnan frágengin. Tillögur um breytingar aðrar en þær sem komu frá stjórnvöldum voru þess vegna nánast alltaf sameiginlegar tillögur atvinnurekenda og verkafólks. Mun þetta vera í fyrsta skipti sem svona er unnið á ILO þingi. Mikið var rætt um að þeir sem unnu að málinu fyrir þessa aðila hefðu mikla þekkingu á aðstæðum fiskimanna og það væri mikil breyting frá umræðunni 2005. Undir öruggri stjórn formanns heildarnefnarinnar Campbell frá Suður-Afríku gekk vel að samþykkja texta og breytingar. Aldrei í allri vinnunni kom til þessa að greidd væru atkvæði um einstaka liði. Helstu nýmælin eru að góð sátt tókst um stærðarviðmiðanir hvað varðar einstök ákvæði samþykktarinnar (samhengi lengdar og burðargetu). Tillaga Japana sem kom í fram fyrir þingið greiddi götu þess að þeir gætu samþykkt tillögurnar í heild. Vandamálið frá 2005 varðandi stæðir var að bygging fiskiskipa í Evrópu og Asíu er mjög ólík. Í Evrópu er skipin breið og stutt, en í Asíu mjó og löng. Og þar sem samþykktin gerir ráð fyrir að hún nái til skipa sem eru 24 og lengri þá hefur þetta

mikla þýðingu. Ný ákvæði komu einnig inn varðandi skuldbindingar við gildistöku og heilt nú að hrinda henni í framkvæmd í áföngum og eftir fyrirframgerðri áætlun (progressive implementation). Í ályktun sem fylgir er ILO falið að hjálpa ríkjum þar sem stofnanir stjórnvalda munu eiga í vandræðum með að vinna samkvæmt samþykktinni. Til dæmis má nefna að fiskimenn skulu fá læknisskoðun á tveggja ára fresti, og ef þeir eru yngir en 18 ára þá á skoðun að fara fram á eins árs fresti. Ljóst er að í mörgum löndum í Asíu eru ekki til læknar til að sinna þessu mikla verkefni. Þessi ströngu ákvæði um læknisskoðanir eru hugsaðar til að minnka slys um borð í skipum, sem verða vegna t.d. þess að fiskimaður hefur ekki góða sjón. Jafnframt tókst sátt um ákvæði er varða starfsmenn starfsmannaleigna um borð í fiskiskipum og rétt að vekja sérstaka athygli á því að skv. 22.gr. samþykktarinnar er ber útgerð sem leigir til sín starfsmenn, fulla og óskoraða ábyrgð á vanefndum starfsmannaleigunnar og er í því efni vísað til samþykktar nr. 181 sem Ísland hefur ekki staðfest en það skiptir ekki máli, verði þessi fiskimannasamþykkt staðfest hér á landi því ábyrgðarákvæðin standa sjálfstætt. Til að geta notað starfsmannaleigur verðu sú þjóð að hafa staðfest samþykkt nr. 181, til að geta notfært sér þennan hluta samþykktarinnar. Ákvæði er um lánmarksaldur fiskimanna, 16 ár til léttrar starfa en eigi hann að vinna við tæki og búnað þar sem heilsu og hættu getur stafað af þá á hann að vera orðin 18 ára. Í ákvæðinu er einnig tekið á því þegar unglingar frá 15 ára aldri eru um borð og eru í skóla að læra um fiskveiðar. Ákvæði er um að ef ráðningarsamningur fiskimanns rennur út í erlendri höfn þá á að senda hann heim á kostnað útgerðar. Landi sem fiskiskip er skrá í ber skylda til að sjá til þess að búnaður og tæki séu í samræmi við samþykkina. Einnig er tekið á skyldu lands þegar skip skráð í öðru landi kemur til hafnar til. Ef yfirvöldum berst tilkynning um að eitthvað sé ábótavant sem geti skapað hættu fyrir áhöfnina þá ber þeim að tilkynna yfirvöldum í landinu þar sem skipið er skráð, og einnig er því heimilt að sjá til þess að viðgerð sér framkvæmd áður en skip heldur úr höfn. Nákvæmlega er skýrt út hvað á að koma fram í ráðningarsamningi og einnig er skýrt út hvernig búnaður, stærðir og aðstaða fiskimanna um borð eigi að vera.

Samkvæmt tölum frá ILO þá eru um 41 milljón fiskimanna í heiminum á um það bil 4 milljónum skipa og báta. Um 85% af þessum mönnum og skipum er í Asíu. Þá kemur fram að samkvæmt opinberum tölum látast um 24 þúsund fiskimenn á hverju ári í vinnuslysum eða um 65 á dag. Reyndar er talað um að talan sé miklu hærri.

Samþykkt þessi er þannig úr garði gerð að ekkert er því til fyrirstöðu að hún verði staðfest hér á landi við fyrsta tækifæri. Aðeins þarf 10 þjóðir til að hún taki gildi.

2. Styrking ILO á tímum hnattvæðingar (Strengthening the ILO's capacity to assist its Members' efforts to reach their objectives in the context of globaliztaion).

Magnús M. Norðdahl var fulltrúi íslensks verkafólks í þessari nefnd en auk þess fylgdi Guðrún Bjarnadóttir störfum hennar. Aðaltalsmaður launafólks í stjórn ILO, Leroy Trottmann var talsmaður verkafólks í nefndinni. Að venju var kjörin 4 manna stjórn nefndarinnar sem vinnur með talsmanninum. Hlutverk hennar er að meta og skipuleggja viðbrögð meðan nefndin starfar og meðan leitað er sátta um niðurstöður sem að jafnaði er gert utan hefðbundinna nefndarfunda. MMN var kjörinn í þessa

stjórn úr hópi þeirra 120 fulltrúa verkafólks sem í nefndinni sátu en hann var jafnframt talsmaður Norrænu verkalýðshreyfingarinnar í nefndinni.

Til grundvallar starfi nefndarinnar lá ýtarleg skýrsla sem raunar barst með nokkuð stuttum fyrirvara fyrir þingið. Þar er farið yfir innri stjórnun stofnunarinnar, hvernig stofnunin starfar með aðildarríkjunum á tímum hnattvæðingarinnar og hvernig störf hennar og stefna skila sér inn í störf annarra stofnana Sameinuðu Þjóðanna og annarra skyldra stofnana. Störf nefndarinnar hafa verið undirbúin nokkur síðustu ár. Hluti þess undirbúnings var að vinna stefnu stofnunnar um "Mannsæmandi störf" fylgi í alþjóðasamfélaginu. Það hefur tekist og vísa aðrar alþjóðastofnanir nú mjög gjarnan til hennar þegar fjallað er um efnahags- og þróunaraðstoð.

Það sem sátt náðist um og sem stefnt er að taki á sig mynd í sérstakri bindandi yfirlýsingu sem afgreidd verði á næsta þingi, felst í þremur megin hugmyndum.

Í fyrsta lagi að sérstakri reglulegri skýrslugerð um fjórar stoðir stefnunnar um Mannsæmandi störf verði komið á. Þær hugmyndir sem nú liggja fyrir gera ráð fyrir að skýrslum verði skilað um grundvallarréttindi launafólks, félagslegt öryggi, hæfni launafólks og fyrirtækja og loks um félagslega samræðu (social dialog). Skýrslum verði skilað um einn flokk í einu þ.a. 4 hvert ár sé skýrslu skilað um hvern þátt fyrir sig.

Í öðru lagi, að sett verði upp sérstök nefnd á hverju ILO-þingi til þess að fjalla um þessar skýrslur og koma með niðurstöður og tillögur um efni hvernar fyrir sig. Í þessu felst einnig að ekki verður rými fyrir nema eina tæknilega nefnd að auki en þær eru tvær núna.

Í þriðja lagi er tilgangurinn að ILO geti betur fylgst með þróun í hverjum málaflokki og sniðið þjónustu sína til samræmis við hana. Þannig megi einnig skipuleggja betur þau efni sem réttlætt geta annað hvort endurskoðun núverandi samþykkt eða setningu nýrra.

Í heild er talið að þessar breytingar muni leiða til þess að starfsemi ILO verði skilvirkari og geti betur en nú, veitt aðildarríkjum sínum nauðsynlega þjónustu og leiðbeiningu á tímum þess mikla hraða sem alþjóðavæðingunni fylgir.

Niðurstöður þessara nefndar voru afgreiddar í mikilli eindrægni og jafnframt samþykkt að á milli þinga verði efnt til víðtæks samráðs og samræðu um það hvernig málið verður lagt upp á næsta þingi.

3. Sjálfbær fyrirtæki

Ísland átti fulltrúa í þessari nefnd. Niðurstöðurnar eru allangar og er skipt m.a. upp í kafla sem beinast að stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins og ILO. Niðurstaða náðist í henni um þá megin þætti sem talið er að einkenni sjálfbær fyrirtæki en þar er helst talið upp; að þau geti ekki starfað nema þar sem almennar reglur réttarríkja séu virtar; að rekstur þeirra byggji á því að tryggja eðlilegt jafnvægi milli þeirra verðmæta sem þau nota þ.e. vinnuafli, fjármuna og náttúruauðæfa; að þau þarfnist sjálfbærra

samfélagi þar sem enginn sé útilokaður frá þátttöku og jafnrétti kynjanna virt og að lokum að bæði fyrirtækin sjálf og þau samfélög þar sem þau starfa virði og hrindi í framkvæmd stefnu ILO um mannsæmandi störf fyrir alla. Að lokum eru taldar upp þær Samþykktir ILO og þau tilmæli sem sérstaklega varða málaflokkinn og í umræðum við afgreiðslu skýrslu nefndarinnar var hvatt til þess að þær yrðu staðfesta. Hér er um ræða samþykktir nr. 81 um vinnueftirlit, 94 um opinber innkaup og 183 um vernd þungaðra kvenna og loks nr. 135 um trúnaðarmen en engin þessara hefur verið staðfest hér á landi. Vinna við staðfestingu S-81 stendur þó yfir. Jafnframt var vísað til tilmæla nr. 189,193,195 og 198 sem ekki hafa verið staðfestar heldur hér á landi.

4. Nefnd um framkvæmd Samþykktta

Að lokinni almennri umræðu um skil á skýrslum var sérstök umræða um ástandið í Mýanmar (Burma). Þar kom fram að stjórnvöld hafa ekki gert það sem skorað hefur verið þau á gera og varðar fyrst um fram viðvarandi nauðungarvinnu og kúgun samtaka launafólks og atvinnurekenda. Á landinu er viðskiptabann frá mörgum aðildarríkjum SÞ. Þrátt fyrir það hafa Íslendingar á fyrstu fjórum þessa árs flutt inn vörur frá Mýanmar fyrir 3 milljónir og virðist sem lítil breyting hafi orðið á innflutningi síðustu ár en full ástæða til þess að taka þau mál til gagngerrar skoðunar. Útflutningur þangað er hins vegar enginn.

Sé ekki annað sérstaklega tekið fram, skoraði nefndin á stjórnvöld að hraða umbótum og fagnaði umbótum þar sem þær höfðu átt sér stað auk þess óskað er sérstakra upplýsinga í næstu skýrslu til sérfræðinganeftar ILO. Sérstakar athugasemdir eru undirstrikaðar.

S-29 Nauðungarvinna

Mýanmar (Burma) – Sömu vandamál og greint hefur verið frá áður en stjórnvöld hafa haldið uppteknum hætti og lítt látið segjast. Málið er talið það alvarlegt að efnt var til sérstaks fundar um það þar sbr. hér að ofan.

S-81 Vinnumarkaðseftirlit

Sri Lanka – Í landinu er vart að finna eftirlit eða söfnun gagna um vinnumarkaðinn og sú stofnun sem sinna á eftirlitinu með mjög óljóst hlutverk, réttindi og skyldur.

S-87 Félagafrelsi

Argentína – Opinberar reglur um skráningu verkalýðsfélaga, brottrekstur verkafólks úr störfum vegna afskipta af verkalýðsmálum og skilgreining stjórnvalda á “nauðsynlegri þjónustu” sem felur í sér takmarkanir á rétti viðkomandi starfsmanna til þess að eiga aðild að verkalýðsfélögum og gera verkföll.

Hvíta Rússland (Belarus) - Verulegar takmarkanir á starfsemi verkalýðsfélaga, opinber skráning og “opinber” stéttarfélag. Mikil umræða varð um málið og fulltrúar hinna “opinberu” stéttarféлага stóðu með stjórnvöldum en fengu engar undirtektir.

Bosnía – Hersegóvína – Skilyrði um opinbera skráningu samtaka verkafólks og atvinnurekenda og synjun á skráningu “Hins frjálsa Alþýðusambands” landsins. Stjórnvöld óskuðu sjálf eftir tæknilegri aðstoð.

Kambódía – Ofbeldi gegn forystumönnum verkalýðsfélaga. Kæra hefur lengi legið fyrir frá ITUC en stjórnvöld ekki svarað fyrirspurnum ILO.

Djibouti - Ofbeldi gegn forystumönnum verkalýðsfélaga. Kæra hefur lengi legið fyrir frá ITUC en stjórnvöld ekki svarað fyrirspurnum ILO. Samþykkt að senda sendinefnd til landsins.

Eþíópía – Verulegar takmarkanir á stofnun verkalýðsfélaga og verkfallsrétti opinberra starfsmanna. Ofbeldi gegn forystumönnum verkalýðsfélaga og eyðilegging á eignum verkalýðsfélaga.

Filippseyjar – Krafa um opinbera skráningu verkalýðsfélaga, morð og fangelsanir á verkalýðsleiðtogum.

Rúmenía – Takmarkanir á verkfallsrétti og þvingaðir gerðardómar.

Stóra Bretland - Réttur verkalýðsfélaga til þess að haga lögum sínum þannig að heimilt sé að reka úr félögunum einstaklinga hvers skoðanir og aðgerðir ganga þvert gegn markmiðum viðkomandi verkalýðsfélags. Málið kom upp vegna brottreksturs hægri öfgamanns úr TUC en skv. breskri löggjöf var brottvísun hans ekki talin standast lög.

Tyrkland – Takmarkanir á tjáningarfrelsi verkalýðsfélaga, takmarkanir á verkfallsrétti, afskipti af lögum verkalýðsfélaga og takmarkanir á verkfallsrétti opinberra starfsmanna. Samþykkt að senda nefnd háttsettra yfirmanna ILO til landsins.

Venesúela – Um var að ræða fjölmargar athugasemdir við löggjöf landsins og aðgerðir stjórnvalda. Skv. lögum er verulegum takmörkunum háð að stofna verkalýðsfélög og félög atvinnurekenda auk þess sem stjórnvöld og ríkisfyrirtæki hafa haf ítrekuð afskipti af starfsemi þessara samtaka. Málið hlaut mikla athygli enda forseti landsins talinn “bjargvættur” almennings og nýtur mikils stuðnings. Það breytti þó engu um það, að stjórnvöld brjóta alvarlega gegn félagsfrelsinu og

Zimbawe – Eins og mörg undanfarin þing er ríkið harðlega gagnrýnt fyrir ofbeldi gegn verkalýðsföringjum og verkalýðsfélögum. Á síðasta þingi var samþykkt að senda þangað sérstaka rannsóknarnefnd en stjórnvöld hafa ekki viljað taka við henni. Þegar málið var síðan tekið fyrir núna létu fulltrúar ríkisstjórnarinnar ekki sjá sig sem er fáheyrt að nokkurt aðildarríki ILO láti henda sig.

S-95 Launavernd

Íran – Nokkuð hefur skort á að Íran hafi getað tryggt eða haldið utan um upplýsingar um greidd laun í landinu en kvartað hafði verið undan því að laun væru víða ekki greidd eða þau greidd í fríðu. Fram kom að stjórnvöld hafa reynt að ná tókum á málinu frá því að nefndin fjallaði síðast um það á árinu 2005.

S-98 Rétturinn til að stofna verkalýðsfélög og gera kjarasamninga

Ástralía – Fyrst og fremst voru stjórnvöld gagnrýnd fyrir að tryggja ekki mismunun gagnvart félagsmönnum verkalýðsfélaga en þeim er víða sagt upp vegna þátttöku í starfsemi verkalýðsfélaga og fyrir þær sakir að gera kröfu um gerð kjarasamninga. Jafnframt virðast stjórnvöld hafa viðurkennt “einstaklingsbundna” kjarasamninga, þ.e. samninga sem ekki eru gerðir við verkalýðsfélögin en slíkir samningar bjóða að jafnaði verri kjör en hefðbundnir kjarasamningar.

Guatemala – Verulegar takmarkanir á verkfallsrétti, hindranir á störfum frjálsra verkalýðsfélaga, mismunun og ofbeldi gagnvart félagsmönnum og forsvarsmönnum verkalýðsfélaga, tafir í meðferð þeirra mála sem kærð eru vegna ofangreinds ofbeldis og gerð og dreifing svartra lista yfir verkafólk sem starfar með

verkalýðshreyfingunni. Samþykkt að senda nefnd háttsettra yfirmanna ILO til landsins.

S-100 Launajafnrétti

Japan - Þar á bæ eru laun kvenna í fullu starfi 32-34 lægri en laun karla og munurinn enn meiri þegar þegar hlutastörf eiga í hlut. Stjórnvöld voru hvött

S-111 Bann við mismunun

Bangladesh – Í landinu er engin löggjöf um jafnrétti kynjanna eða bann við mismunun ef undan eru skilin ákvæði stjórnarskrár en mikil mismunun er á vinnumarkaði gagnvart konum auk þess sem kynferðisleg áreitni gagnvart konum er mikil og látin afskiptalaus. Samþykkt að senda nefnd háttsettra yfirmanna ILO til landsins.

Indland – Svipuð staða og í Bangladesh nema að til er löggjöf um jafnrétti kynjanna þegar um opinbera starfsmenn er að ræða. Sérstaklega var fjallað um mismunun gagnvart stéttlausum Hindúum og þær ráðstafanir stjórnvalda að reyna að fækka konum á vinnumarkaði.

S-119 Vélgæsla

Kongó – Fram kom að ILO hefur s.l. 30 ár reynt að fá stjórnvöld til þess að setja einhverjar reglur um útbúnað véla og tækja.

S-122 Stefna í vinnumarkaðsmálum

Ítalía – Einungis 57.6% Ítala eru á vinnumarkaði auk þess sem 74% þeirra sem yngri eru en 35 er atvinnulaus. Jafnframt er atvinnustigi mjög misskipt innan landsins og er talsvert hærra í norður hluta landsins en í þeim syðri.

S-144 Þríhliða samstarf

Bandaríkin – Stjórnvöld sinna ekki þeirri skyldu sinni að kalla til þríhliðasamstarfs m.a. um staðfestingu nýrra ILO-Samþykktá.

S-155 Aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustöðum

Spánn – Stjórnvöldum virðist lítið ganga að fækka alvarlegum vinnuslysum og hefur staða þeirra mála lítið breyst mörg undanfarin ár. Jafnframt var fjallað um aðbúnað og hollustuhætti innflutts vinnuafis sem virðist vera í mollum.

S-182 Versta tegund barnavinnu

Kína - Listinn er langur hvað Kína varðar en er sérstaklega áhugaverður vegna hugsanlegs friverslunarsamnings Íslands og Kína. Í fyrsta lagi var fjallað um mansal en þúsundir barna og ungmenna eru seld úr landi og enda á kynlífsmarkaði víða um heim. Stjórnvöld virðast reyna að bregðast við þessum vanda en betur má ef duga skal. Í öðru lagi var fjallað um vistun ungra afbrotamanna í blönduðum fangelsum en einnig sérstaka “vinnuskóla” og “endurhæfingarskóla” þar sem börn og ungmenni eru vistuð fyrir ýmsar sakir en borið hefur á því að þessar stofnanir geri verksamninga á almennum vinnumarkaði og noti til þess ofangreindar “skólastofnanir”. Að lokum var fjallað um þann hátt að börn séu leigð til þess að stunda betil til þess að auk tekjur fátækra fjölskyldna. Nefndin skoraði á stjórnvöld að herða á nauðsynlegum aðgerðum en gat þess jafnframt að nokkur framför hefði orðið.

Gabon – Fyrst og fremst var fjalla um mansal og þá sölu á börnum og ungmennum og ráðstafanir stjórnvalda til þess að taka á vandanum.

5. Fjárlög ILO

Gylfi Kristinsson leiddi störf fjárhagsnefndar stofnunarinnar og var kjörinn til þeirra starfa úr hópi fulltrúa ríkisstjórna allra aðildarríkja ILO en þær einar eiga sæti í þessari nefnd. Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun ILO mun Ísland greiða um það bil 0.037% af rekstri stofnunarinnar næstu tvö árin eða c.a. kr. 7.8 milljónir hvort ár. Fjárlögin eru án vaxtar milli ára og taka einungis mið að verðbreytingum.

Mat o.fl.

Magnús M. Norðdahl sat eins og fyrr segir í stjórn þeirrar nefndar sem stýrði störfum verkafólks í nefndinni um styrkingu ILO og Gylfi leiddi eins og áður segir störf fjárhagsnefndarinnar. Félagsmálaráðherra sótti síðan þingið og fjallaði í ræðu sinni fyrst og fremst um jafnréttismál. Segja má því að íslenska sendinefndin hafi verið nokkuð virk. Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og tóku hinir íslensku nemendur virkan þátt í störfum hans.

Vakin er sérstök athygli á umfjöllun um barnavinnu í Kína (Samþykkt 182) og nauðungarvinnu í Mýanmar (Burma). Annars vegar þar sem Ísland á nú í fríverslunarviðræðum við Kína og hins vegar vegna þess að þrátt fyrir viðskiptabann á Mýanmar halda Íslendingar áfram innflutningi þaðan þó lítil sé.

Vefföng þar sem nálgast má skýrslur og niðurstöður frá 95 þingi ILO [96 þing ILO 2007 - Gögn](#)

Júní 2007

Sævar Gunnarsson,

Magnús M. Norðdahl,

Björn Ágúst Sigurjónsson.